

2002 nr. 44 18. apríl**Lög um geislavarnir**

Tóku gildi 7. maí 2002, sjá þó ákvæði 23. gr.

I. kafli. Markmið og gildissvið.

■ **1. gr.** Lögum þessum er ætlað að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatakjum í því skyni að takmarka skaðleg áhrif hennar. Þess skal gætt að geislun á fólk vegna allrar starfsemi sem lög þessi taka til sé eins lítil og unnt er að teknu skynsamlegu tilliti til efnahags- og þjóðfélagslegra aðstæðna.

□ Markmiði laganna skal náð með markvissum aðgerðum, m.a. eftirliti með allri meðferð geislavirkra efna og geislatakja, athugunum og rannsóknum, vöktun á geislavirkum efnum í umhverfi, viðbúnaði við geislavá og fræðslu og leiðbeiningum um geislavarnir.

■ **2. gr.** Lögin gilda um:

1. Öryggisráðstafanir gegn geislun við alla starfsemi sem hefur í för með sér hættu á geislun á fólk, svo sem við framleiðslu, innflutning, útflutning, afhendingu, eign, uppsetningu, notkun, meðhöndlun og förgun geislavirkra efna og geislatakja, sbr. 4. mgr. 13. gr.

2. Öryggisráðstafanir við starfsemi sem leiðir af sér aukna náttúrulega geislun frá umhverfinu.

3. Öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatakjum að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum samkvæmt alþjóðasamningum.

4. Vöktun og rannsóknir vegna geislavirkra efna í umhverfi og matvælum.

5. Geislunarlegan þátt viðbúnaðar við geisla- og kjarnorkuvá.

■ **3. gr.** Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Geislun:* Jónandi og ójónandi geislun.

2. *Jónandi geislun:* Geislun frá geislavirkum efnum, röntgengeislun eða önnur geislun sem hefur hliðstæð líffræðileg áhrif.

3. *Ójónandi geislun:* Útfjólublá geislun og allar aðrar rafsegulbylgjur með lengri bylgjulengd, svo sem örbylgjur eða aðrar rafsegulbylgjur sem hafa hliðstæð líffræðileg áhrif, svo og rafsegulsvið.

4. *Geislataeki:* Rafmagnstæki sem mynda geislun, t.d. röntgentæki og sólarlampar.

5. *Læknisfræðileg geislun:* Sérhver geislun einstaklinga til greiningar eða meðferðar sjúkdóms, til vísindarannsókna eða í réttarfarslegum tilgangi.

6. *Starfsemi:* Starfsemi sem getur valdið geislun einstaklinga.

7. *Geislaálag:* Mat á magni geislunar þar sem heilsufarsleg áhætta einstaklings er lögð til grundvallar.

8. *Ábyrgðarmaður:* Starfsmaður með viðeigandi menntun og reynslu, tilnefndur af eiganda til þess að bera í umboði hans ábyrgð á starfsemi hvað varðar geislavarnir.

9. *Gæðatrygging:* Sérhver skipulögð og skipuleg aðgerð sem nauðsynleg er til að skapa nægilegt traust á því að aðstaða, kerfi, kerfishlutar eða aðgerðir virki á fullnægjandi hátt og í samræmi við samþykktu staðla.

10. *Gæðaftirlit:* Sá hluti gæðatryggingar sem tekur til aðgerða (skipulagningar, samhæfingar, framkvæmdar) sem ætlað er að viðhalda gæðum eða bæta þau. Gæðaftirlit felur í

sér að vakta, meta og halda innan settra marka öllum ein-kennandi þáttum fyrir virkni búnaðar sem hægt er að skilgreina, mæla og hafa eftirlit með.

II. kafli. Geislavarnir ríkisins.

■ **4. gr.** Geislavarnir ríkisins er stofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Stofnunin hefur það hlutverk að annast öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatakjum.

□ Ráðherra skipar forstjóra Geislavarna ríkisins til fimm ára í senn. Skal hann hafa háskólapróf á starfssviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma og ber ábyrgð á daglegum rekstri.

■ **5. gr.** Geislavarnir ríkisins skulu annast:

1. Eftirlit og umsjón með að lögum þessum og reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim sé fylgt.

2. Hvers konar eftirlit og athuganir sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim.

3. Eftirlit með geislaálagi starfsmanna vegna jónandi geislunar og halda skrá yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits fyrir hvern einstakan starfsmann.

4. Reglubundið mat á heildargeislaálagi almennings af starfsemi sem lög þessi taka til.

5. Reglubundið mat á geislaálagi sjúklinga af læknisfræðilegri geislun hérlendis.

6. Vöktun og rannsóknir á geislavirkum efnum í matvælum og umhverfi.

7. Fræðslu um geislavarnir fyrir starfsfólk er vinnur við geislun jafnframt því að miðla upplýsingum til almennings og fjölmiðla.

8. Rannsóknir á sviði geislavarna.

9. Geislunarlegan þátt viðbúnaðar við geisla- og kjarnorkuvá, m.a. rekstur viðbúnaðar- og geislaálagakerfa og annað því tengt.

10. Samvinnu við erlendar stofnanir á sviði geislavarna og kjarnorkumála.

11. Önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara og önnur verkefni á sviði geislavarna eftir nánari ákvörðun ráðherra.

□ Ráðherra getur falið stofnuninni að fjalla um tiltekin mál eða verkefni skyld þeim verkefnum sem lög þessi fjalla um.

□ Stofnunin skal undirbúa, sækja um og viðhalda faggildingu vegna tiltekinna þátta rannsókna og eftirlits sem stofnunin annast.

□ Stofnuninni er heimilt að semja um ákveðna þætti framkvæmdarinnar við aðila sem uppfylla faglegar kröfur er stofnunin gerir.

□ Þeir sem hafa með höndum starfsemi sem lög þessi taka til skulu láta stofnuninni í té nauðsynlegar upplýsingar til þess að mat skv. 4. og 5. tölul. verði eins raunhæft og kostur er.

■ **6. gr.** Ráðherra skipar geislavarnaráð til fjögurra ára í senn, en það er fagleg ráðgjafarnefnd Geislavarna ríkisins um geislavarnir. Skal geislavarnaráð skipað þremur mönnum með sérþekkingu á starfssviði stofnunarinnar.

III. kafli. Leyfi til innflutnings, framleiðslu, eignar, sölu og afhendingar geislavirkra efna.

■ **7. gr.** Framleiðsla, innflutningur, eign, geymsla, afhending og förgun geislavirkra efna, hvort sem efnin eru hrein, blönduð öðrum efnum eða byggð í tæki, er háð leyfi Geislavarna ríkisins. Leyfisveiting er háð skilyrðum er stofnunin

setur, m.a. um meðferð geislavirkra efna þegar notkun þeirra lýkur. Umsókn um leyfi þessi skal skilað á eyðublöðum stofnunarinnar eða í öðru formi sem stofnunin samþykkir.

□ Ekki þarf leyfi vegna geislavirkra efna sé heildarmagn þeirra eða magn á massaeiningu undir mörkum er Geislavarnir ríkisins ákveða, né heldur vegna sjálflýsandi úra, vasa-áttavita, mæla og annarra slíkra tækja er innihalda mjög lítið af geislavirkum efnum eftir nánari ákvörðun Geislavarna ríkisins.

□ Innflutningur geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun er tilkynningarskyldur. Innflytjendur skulu senda Geislavörnum ríkisins tilkynningu um hvert slíkt tæki sem flutt er inn. Tilkynningum skal skilað á eyðublöðum stofnunarinnar eða í öðru formi sem stofnunin samþykkir.

□ Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að innflutningur ákveðinna flokka geislatækja, sem gefa frá sér ójónandi geislun, skuli tilkynningarskyldur.

IV. kafli. Mat á gagnsemi og áhættu við notkun geislunar.

■ **8. gr.** Allar nýjar tegundir eða flokkar starfsemi sem geta valdið jónandi geislun á fólk skulu metnar fyrir fram með tilliti til efnahagslegrar, þjóðfélagslegrar eða annarrar gagnsemi í samanburði við áhættu á skaðlegum heilsufarsáhrifum sem geislunin getur haft. Aðilar er hyggjast hefja slíka starfsemi skulu senda Geislavörnum ríkisins greinargerð um slíkt mat á fyrirhugaðri starfsemi. Óheimilt er að hefja starfsemiina fyrr en samþykki Geislavarna ríkisins liggur fyrir og að fengnu mati landlæknis þegar um læknisfræðilega starfsemi er að ræða. Starfsemi sem þegar fer fram skal endurskoða með tilliti til mats skv. 1. málsl. þegar fyrir liggja nýjar mikilvægar upplýsingar um gagnsemi hennar eða afleiðingar.

V. kafli. Notkun geislavirkra efna og geislatækja.

■ **9. gr.** Öll notkun geislavirkra efna og geislatækja skal vera í samræmi við lög þessi og reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim. Óheimilt er að hefja notkun geislavirkra efna eða geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun án leyfis Geislavarna ríkisins. Breytingar á starfsemi sem hafa áhrif á geislavarnir eru einnig háðar leyfi Geislavarna ríkisins. Leyfisveiting er háð skilyrðum sem stofnunin setur. Umsókn um leyfi þessi skal skilað á eyðublöðum stofnunarinnar eða í öðru formi sem stofnunin samþykkir. Sé um að ræða nýja tegund starfsemi skal sérstaklega gerð grein fyrir mati á notkuninni, sbr. 8. gr.

□ Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að notkun ákveðinna flokka geislatækja, sem gefa frá sér ójónandi geislun, skuli háð leyfi.

■ **10. gr.** Eigandi ber ábyrgð á notkun geislavirkra efna og geislatækja, svo og að tæki, búnaður og starfsemi öll hvað geislavarnir varðar, sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim.

□ Við starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun skal eigandi tilnefna ábyrgðarmann með viðeigandi menntun og reynslu og skal nafn hans, menntun og reynsla tilkynnt Geislavörnum ríkisins. Tilnefning ábyrgðarmanns er háð samþykki Geislavarna ríkisins. Ábyrgðarmaður ber í umbóði eiganda ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim.

□ Við starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun skal komið upp viðeigandi innra eftirliti vegna geislavarna.

□ Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um menntun,

reynslu og skyldur ábyrgðar- manna og um fyrirkomulag og framkvæmd innra eftirlits.

■ **11. gr.** Aðilar sem starfa samkvæmt lögum þessum skulu skipuleggja viðeigandi viðbrögð við geislaslysum og veita upplýsingar um sérstaka áhættuþætti samkvæmt nánari reglum er Geislavarnir ríkisins setja. Þeir skulu tilkynna Geislavörnum ríkisins tafarlaust ef geislaslys verður, leggja frummat á hugsanlegar afleiðingar og gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að takmarka afleiðingar þess.

■ **12. gr.** Geymsla og förgun geislavirkra efna skal ávallt vera í samræmi við reglur er Geislavarnir ríkisins setja. Sama gildir um annan úrgang, búnað eða umbúðir sem innihalda geislavirk efni eða eru menguð af þeim.

□ Þegar tæki eða búnaður sem getur gefið frá sér jónandi geislun er endanlega tekinn úr notkun skal það tilkynnt Geislavörnum ríkisins. Á meðan búnaður inniheldur geislavirk efni eða getur gefið frá sér jónandi geislun skal hann vera í öruggri vörslu og sæta eftirliti í samræmi við reglur sem ráðherra setur skv. 4. mgr. 10. gr. Geislavörnum ríkisins er heimilt að krefjast förgunar eða fjarlægingar geislavirkra efna og geislatækja sem ekki eru lengur í notkun. Sé ekki orðið við kröfu stofnunarinnar um förgun eða fjarlægingu innan tiltekens frests getur stofnunin annast framkvæmdina á kostnað eiganda.

VI. kafli. Geislavarnir á vinnustöðum.

■ **13. gr.** Öll geislun starfsmanna og almennings vegna starfsemi sem lög þessi taka til skal vera eins lítil og unnt er að teknu skynsamlegu tilliti til efnahags- og þjóðfélagslegra aðstæðna.

□ Við starfsemi þar sem unnið er með geislun, jónandi sem ójónandi, skal gripið til viðeigandi aðgerða til þess að verja starfsfólk og aðra gegn geislun. Þessar aðgerðir skulu vera í samræmi við umfang þeirrar áhættu sem um er að ræða. Við starfsemi þar sem jónandi geislun er notuð skal hafa viðeigandi eftirlit með geislaálagi starfsmanna og annarra er starfsemiinni tengjast. Starfsmenn skulu hafa fullnægjandi menntun og fá starfsþjálfun og fræðslu sem tryggir nægilega hæfni og þekkingu á geislavörnum, svo og örugga notkun geislunar. Gestir og aðrir sem aðgang hafa að vinnustaðnum skulu fá upplýsingar um reglur sem fylgja þarf vegna geislavarna.

□ Við starfsemi sem hefur í för með sér aukna náttúrulega jónandi geislun skal gripið til viðeigandi aðgerða til þess að verja starfsfólk gegn slíkri geislun.

□ Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um geislavarnir á vinnustöðum, þar með talið um fyrirkomulag geislavarna og öryggisráðstafana sem draga úr geislun, aldursmörk þeirra sem starfa við jónandi geislun, geislunarmörk starfsmanna, nemenda og almennings, svo og eftirlit með geislaálagi og lækniseftirlit þeirra sem starfa við jónandi geislun, flokkun vinnusvæða og aðvörunarmerkingar, skermun og innréttingu húsnæðis, menntun, starfsþjálfun og fræðslu einstaklinga sem nota geislun eða starfa þar sem geislun er notuð.

□ Um ráðstafanir til að vernda starfsmenn á vinnustöðum gegn skaðlegum áhrifum af völdum ójónandi geislunar fer samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum settum samkvæmt þeim.

■ **14. gr.** Um skrá sem Geislavarnir ríkisins halda yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits með geislun, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 5. gr., fer samkvæmt lögum um persónuvernd. Niðurstöður skulu varðveittar allan þann tíma sem starfsmaður verður fyrir jónandi geislun við störf sín og allt þar til hann verður 75 ára, eða hefði orðið 75 ára, en undir engum kring-

umstæðum skemur en 30 ár eftir að viðkomandi hættir starfi sem veldur því að hann verður fyrir jónandi geislun. Sérstaklega skal gera grein fyrir niðurstöðum sem byggjast ekki á einstaklingsbundnum mælingum. Geislaálag af geislaslysi skal skráð sérstaklega, svo og aðstæður við geislunina og aðgerðir sem gripið var til.

□ Niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits skulu vera aðgengilegar starfsmanni, vinnuveitanda hans og trúnaðarlækni svo og heilbrigðisyfirvöldum samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.

VII. kafli. Læknisfræðileg geislun.

■ **15. gr.** Ábyrgðarmaður skv. 10. gr. ber ábyrgð á framkvæmd læknisfræðilegrar geislunar. Hann skal sjá til þess að þeir einir framkvæmi læknisfræðilega geislun sem eru til þess hæfir á grundvelli viðurkenndrar sérmenntunar.

□ Við læknisfræðilega geislun skal ábyrgðarmaður eða sá sem hann hefur falið framkvæmdina meta hvort notkun geislunar er réttlætunleg að teknu tilliti til markmiðs geislunarinnar, einkenna og ástands sjúklings.

□ Við læknisfræðilega geislun skal ábyrgðarmaður tryggja að geislun sé eins lítil og unnt er með skynsamlegu tilliti til tilgangs geislunarinnar, tækja og búnaðar sem fyrir hendi eru, svo og annarra þátta sem áhrif hafa.

□ Á hverjum þeim stað þar sem læknisfræðileg geislun fer fram skal komið upp viðeigandi áætlunum um gæðatryggingu og gæðaftirlit vegna starfsmannar.

□ Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um geislavarnir við læknisfræðilega geislun, þ.m.t. viðmið, fyrirkomulag og framkvæmd áætlana um gæðatryggingu.

■ **16. gr.** Þeir sem hyggjast framkvæma skoðun á hópi fólks, t.d. vegna vísindalegra rannsókna, og nota við það jónandi geislun skulu fá til þess leyfi Geislavarna ríkisins. Óheimilt er að hefja slíka skoðun fyrr en leyfi stofnunarinnar liggur fyrir og að fengnu álitum landlæknis.

VIII. kafli. Eftirlit með geislatækjum og geislavirkum efnum.

■ **17. gr.** Geislavarnir ríkisins annast skv. 5. gr. reglubundið eftirlit með notkun geislavirkra efna og geislatækja sem leyfi þarf fyrir samkvæmt lögum þessum.

□ Starfsmönnum Geislavarna ríkisins er heimill aðgangur að sérhverjum stað þar sem geislavirk efni og geislatæki sem gefa frá sér jónandi geislun eru notuð og geymd. Þess ber að gæta að eftirliti valdi sem minnstri röskun á daglegri starfrækslu tækja og efna.

□ Vinnueftirlit ríkisins annast eftirlit og gerir ráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á starfsmenn vegna ójónandi geislunar í samræmi við ákvæði laga um aðbúnað, hollustu-hætti og öryggi á vinnustöðum og reglur settar samkvæmt þeim.

□ Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits Geislavarna ríkisins.

■ **18. gr.** Eigendur geislatækja og geislavirkra efna skulu framkvæma þær úrbætur sem Geislavarnir ríkisins telja nauðsynlegar innan tiltekins frests, ella er heimilt að stöðva frekari notkun tækja og efna þar til úrbætur hafa verið gerðar.

□ Sé öryggisútbúnaði stórlega ábótavant skulu Geislavarnir ríkisins stöðva frekari notkun geislavirkra efna og geislatækja þar til úrbætur hafa verið gerðar.

■ **19. gr.** Skráður eigandi geislavirks efnis eða geislatækis sem gefur frá sér jónandi geislun skal greiða gjald fyrir reglubundið eftirlit Geislavarna ríkisins, sbr. 17. gr., fyrir mat á umsóknum um leyfi, sbr. 7., 9. og 20. gr., svo og fyrir eftirlit með geislaálagi starfsfólks, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. Ráðherra setur gjaldskrá vegna eftirlitsins að fengnum tillögum Geislavarna ríkisins. Gjaldskráin skal taka mið af kostnaði við eftirlitið.

IX. kafli. Uppsetning, breytingar og viðgerðir á geislatækjum.

■ **20. gr.** Uppsetning á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun er háð leyfi Geislavarna ríkisins. Breyting á slíkum geislatækjum með tilliti til geislunar er einnig háð leyfi Geislavarna ríkisins. Þeir sem hyggjast setja upp slík geislatæki eða breyta slíkum tækjum með tilliti til geislunar skulu senda Geislavörnum ríkisins áætlun um verkið á eyðublöðum stofnunarinnar eða með öðrum þeim hætti sem stofnunin samþykkir. Óheimilt er að hefja verkið fyrr en leyfi stofnunarinnar er fengið.

□ Viðgerðir, uppsetningar og breytingar á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun mega þeir einir annast sem uppfylla kröfur Geislavarna ríkisins um þekkingu og reynslu.

□ Þeir sem taka að sér að setja upp slík geislatæki, gera við þau eða breyta þeim með tilliti til geislunar skulu ganga úr skugga um að öryggisbúnaður tækjanna sé í samræmi við lög og reglugerðir eða aðrar reglur settar samkvæmt þeim og tilkynna Geislavörnum ríkisins tafarlaust ef svo er ekki.

X. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **21. gr.** Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og um starfsemi Geislavarna ríkisins, svo og gjaldskrá fyrir þjónustumælingar Geislavarna ríkisins, að fengnum tillögum stofnunarinnar.

■ **22. gr.** Brot á ákvæðum laga þessara varða fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **23. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi en 1. janúar 2003 að því er varðar ákvæði um ójónandi geislun, viðbúnað skv. 9. tölul. 1. mgr. 5. gr. og faggildingun skv. 3. mgr. 5. gr. Eftirlitsþáttur laganna skal endurskoðaður innan fimm ára frá gildistöku. . .